

GJALDSKRÁ

vatnsveitu fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Strandabyggð.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Strandabyggð sem tengdar eru vatnsveitu Strandabyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarfélagsins, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Vatnsgjald er ekki lægra en kr. 23.690 og ekki hærra en kr. 31.740 af íbúðarhúsnaði. Vatnsgjald fer þó ekki yfir 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda og greiðist vatnsgjaldið með fasteignagjöldum.

4. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald er innheimt eftir á samkvæmt mældri notkun með rúmmetramæli sem vatnsveita leggur til. Þar sem ekki eru mælar er stjórn vatnsveitu heimilt að áætla notkun.

Aukavatnsgjald fyrir hvern m^3 að 100.000 m^3 er kr. 18,20.

Afsláttur til stórnottenda frá 100.000 m^3 að 250.000 m^3 er 20%.

Afsláttur til stórnottenda frá 250.000 m^3 er 40%.

5. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

| <i>Stærð mælis i mm</i> | <i>Mælaleiga á ári, kr.</i> |
|-------------------------|-----------------------------|
| 25-31 | 4.829 |
| 32-39 | 6.734 |
| 40-49 | 10.650 |
| 50-74 | 16.520 |
| 75 og stærri | 29.878 |

6. gr.

Breytingar á gjöldum.

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. grein er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu 14. febrúar 2012 og breytast samkvæmt henni árlega 1. janúar ár hvert. Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

Nr. 281

29. febrúar 2012

7. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitir sveitarfélaga nr. 32/2004 og gildir frá 14. febrúar 2012. Frá sama tíma falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir vatnsgjald, notkunargjald og mælaleigu í Strandabyggð.

Samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 14. febrúar 2012.

Hólmavík, 29. febrúar 2012.

Ingibjörg Valgeirs Þóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2012